

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Starfsár Fjölmenntar, símenntunar og þekkingarmiðstöðvar, skólaárið 2013 – 2014 er nú á enda og því hollt að líta yfir verkefni ársins. Ný stjórn kom að stofnuninni s.l. haust og varð nokkur endurnýjun í stjórninni. Þá tók til starfa nýr forstöðumaður, Helga Gísladóttir, á sama tíma. Unnið hefur verið að því að koma starfseminni í jafnvægi eftir tíma mikils niðurskurðar eftir hrun og virðast aðgerðir fyrri stjórnar hafa náð þeim árangri sem að var stefnt. Fjárhagur stofnunarinnar er kominn í jafnvægi og vöxtur sjáanlegur tengt hluta starfseminnar. Áfram verður þó þörf fyrir að halda þétt utan um fjárhag starfseminnar.

Fjölmennt stendur á nokkrum tímamótum um þessar mundir varðandi starfsemi sína. Árið 2011 tók gildi nýr þjónustusamningur við Mennta – og menningarmálaráðuneytið sem fól í sér staðfestingu á því hlutverki Fjölmenntar að vera símenntunar- og þekkingarmiðstöð sem þjónar fötluðu fólki sem ekki á auðvelt með að nýta önnur símenntunartilboð. Fjölmennt hefur á þessum tíma breytt starfsemi sinni. Samningar hafa verið gerðir við símenntunarstöðvar um land allt um námskeið fyrir fatlað fólk. Í Reykjavík hefur hluti af námskeiðunum flust yfir til símenntunarstöðva í borginni og sinnir Fjölmennt nú fyrst og fremst námskeiðshaldi fyrir þá sem flóknustu þarfirnar hafa.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að gerð kjarasamnings við kennara Fjölmenntar sem tekur mið af hlutverki Fjölmenntar sem símenntunarstöðvar. Stefnt er að því að ljúka samningsgerð fyrir sumarleyfi.

Fljótlega munum við hefja viðræður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning en samningur sá sem tók gildi í byrjun árs 2011 var framlengdur út árið 2014. Vætanlega verður í nýjum þjónustusamningi haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var árið 2011 með aukinni áherslu á símenntunar-, ráðgjafar- og þróunarhlutverk Fjölmenntar. Reynsla okkar af samstarfi við símenntunarstöðvar um landið hefur almennt verið góð. Um allt land er að verða til aukin reynsla af námskeiðshaldi fyrir fatlað fólk sem nýtist sífellt fleirum og með flóknari þarfir. Það er mat okkar að það hlutverk Fjölmenntar að stuðla að aukinni þjónustu almennra símenntunarstöðva við fatlað fólk feli í sér margfeldisáhrif þegar litið er til námskeiðstilboða og að fjármagnið sem lagt er til slíkra verkefna nýtist vel. Vilji er til að efla þennan hluta starfseminnar enn frekar. Þá er brýnt að vinna að enn frekari þróun námskeiða. Horft er til þess að í framtíðinni fari námskeiðsgerð í auknum mæli fram hjá Fjölmennt og námsefni síðan komið á framfæri við símenntunarstöðvar um land allt. Þessum áherslum fylgir aukin þörf fyrir ráðgjöf þá sem ráðgjafardeild Fjölmenntar veitir. Eitt af framtíðarverkefnum Fjölmenntar er óumdeilanlega að efla þá ráðgjöf. Þá viljum við geta aukið námsframboð við þann hóp sem nýtur kennslu á

starfsstöðinni í Vínlandsleið en það er sá hópur fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu sem býr við flóknustu þjónustubarfinnar. Mikil eftirspurn er eftir þjónustu en ekki hefur verið unnt að mæta þeirri eftirspurn sem skyldi. Það er ekki síst alvarlegt í því ljósi að þessir einstaklingar eru líklega þeir sem minnst tækifæri hafa til að nýta sér almenn tómskundatilboð og afþreyingu. Afar brýnt er að standa vörð um þennan hluta starfseminnar og leita leiða til að fjölga námstilboðum til hvers og eins.

Hjá Fjölmennt hefur kviknað sú hugmynd að koma á fót búnaðarsafni í vörslu stofnunarinnar. Hugmyndin er sú að Fjölmennt geti eignast flóknari tæki s.s. rofa og dýrari tæknilausnir sem lána mætti til símenntunarstofnana um land allt í tengslum við sérhæfð námskeið. Með þeim hætti gæfist tækifæri til að halda námskeið sem krefjast flókins tækja- eða tæknibúnaðar alls staðar á landinu án þess að hver námskeiðshaldari þyrfti að eiga slíkan búnað. Með þessum hætti er jafnrétti betur tryggt og litlum svæðum gert mögulegt að bjóða upp á ólík námskeið. Þessar hugmyndir eru á byrjunarreit en vilji er til að þróa þær enn frekar.

Allar breytingar til að bæta þjónustu kosta aukið fjármagn. Fjölmennt hefur mátt sæta miklum niðurskurði á fjárveitingum frá árinu 2011. Segja hefur upp starfsfólki og skerða námstilboð. Það er von okkar að ekki þurfi að koma til frekari niðurskurðar á starfsemi Fjölmenntar. Við höfum kallað eftir auknu fjármagni til starfseminnar til að geta aukið námsframboð og sveigjanleika í starfseminni og þannig sinnt enn betur þeim skyldum sem á okkur eru lagðar í þjónustusamningi stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Brýnt er að á komandi árum verði unnt að efla starfsemina og auka framboð á námskeiðum. Sá hópur sem Fjölmennt hefur skyldur við fer stækkandi og þeirri fjölgun og aukinni kröfu um námstilboð þarf stofnunin að geta mætt.

Fjölmennt, símenntunar – og þekkingarmiðstöð er starfsemi í sífelldri þróun. Undirstaða slíkrar þróunar er hæft starfsfólk sem leitar leiða til að mæta ólíkum einstaklingum með mismunandi náms- og tómsundaóskir. Hjá Fjölmennt starfar afar góður hópur fagfólks með mikla reynslu. Sá mannauður er dýrmætur. Það er von okkar að við þær breytingar sem framundan eru í starfsemi Fjölmenntar eflist starfshópurinn okkar enn frekar og að notendur þjónustunnar muni njóta í auknum og fjölbreyttari námstilboðum. Við lok þessa starfsárs vil ég koma á framfæri þakklæti stjórnar Fjölmenntar til starfsmanna fyrir óeigingjarnt og gott starf. Stofnunin hefur farið í gegnum tímabil sem hefur reynt á. Það er von okkar að aukinn stöðugleiki náist í starfseminni bæði fjárhagslega og í starfsmannahaldi og að framundan séu tímar uppbyggingar og þróunar þar sem allir njóta.

Gerður Aagot Árnadóttir stjórnarformaður

INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2013. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjölum má síðan sjá tölur um fjölda námskeiða, þátttakenda á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Á ársfundi Fjölmenntar 23. ágúst 2013 var skipuð ný stjórn Fjölmenntar. Tilnefndar af Landssamtökunum Þroskahjálp: Gerður Aagot Árnadóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. Varamenn eru Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson. Tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands: Erna Arngrímsdóttir og Þorsteinn Jóhannsson. Varamenn eru Kristján Sigurmundsson og Sigrún Gunnarsdóttir. Tilnefnd af menntavísindasviði Háskóla Íslands: Vilborg Jóhannsdóttir.

Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum og er Gerður Aagot Árnadóttir formaður, Vilborg Jóhannsdóttir varaformaður og Þorsteinn Jóhannsson ritari. Elsa Sigríður Jónsdóttir og Erna Arngrímsdóttir eru meðstjórnendur.

Stjórnarfundir á árinu 2013 voru 15 talsins.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ MENNTA OG-MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Þjónustusamningur sem tók gildi í byrjun árs 2011 rann út í lok árs 2013. Ákveðið var að framlengja hann um eitt ár og hefja viðræður um nýjan samning á árinu 2014.

1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

STARFSTÍMI

Starfsmenn mættu til starfa þann 4. janúar og voru teknir tveir dagar til undirbúnings námskeiða. Námskeiðahald hófst 8. janúar. Kennst var til 23. maí. Námskeiðsdagar á vorönn voru 89.

Hauststarfið hófst með starfsdögum 27. ágúst og námskeið byrjuðu 1. september. Kennst var til 16. desember. Námskeiðsdagar á haustönn voru 74.

STARFSFÓLK

Starfsfólk á vorönn 2013:

14 kennarar í 11,2 stöðugildum
5 verktakar í kennslu með samtals 8,5 klukkustundir á viku
2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
1 félagsliði í 100% stöðu
4 stuðningsfulltrúar í 3 stöðugildum
2 stuðningsfulltrúar með samtals 9,5 klukkustundir á viku
Umsjónarmaður heimasíðu/tæknilegur ráðgjafi í 30% starfi
Forstöðumaður í 100 % starfi
Fjármálastjóri í 50% starfi
Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

Starfsfólk á haustönn 2013

15 kennarar í 11,8 stöðugildum
2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
1 félagsliði í 100% stöðu
1 stuðningsfulltrúi í 100% starfi
4 stuðningsfulltrúar með samtals 14,5 klukkustundir á viku
Forstöðumaður í 100 % starfi
Verkefnastjóri í stjórnun í 48% starfshlutfalli
Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun 50% starfshlutfall
Verkefnastjóri fyrir iPad kennslu 22% starfshlutfalli
Fjármálastjóri í 50% starfi
Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

KENNSLUSTAÐIR FJÖLMENNTAR Í REYKJAVÍK

Árið 2013 fór kennsla á vegum Fjölmenntar í Vínlandsleið fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundkennsla í Sundhöllinni
- World Class í Laugum
- Keilusalurinn í Öskjuhlíð
- Ökuskólinn í Mjódd

FRÆÐSLA OG INNRA STARF

Áhersla er lögð á að kennarar Fjölmenntar fylgist með nýjungum í tækni og kennsluháttum sem styðja við kennslu fatlaðs fólks. Í byrjun október fór starfsfólk á sérkennslusýningu í London. Um var að ræða stóra sýningu sem haldin er árlega þar sem sýnt er allt það nýjasta í tækni og sérkennslu.

Reglulega er boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Haustið 2013 var sett á laggirnar fræðslunefnd sem í sitja tveir kennarar ásamt ráðgjöfum Fjölmenntar. Nefndin kemur með tillögur að fræðslu og reynt er að verða við þeim óskum. Sem dæmi um fræðslu ársins má nefna námskeið í skyndihjálp, fræðslu um kennslu í vatni, iPad námskeið, kynning á Gjörhygli (mindfulness) og kynning á starfi réttindagæslumanna.

GÆÐASTARF

Haustið 2011 hófst vinna við European Quality Mark (EQM) gæðakerfi sem allar símenntunarmiðstöðvar landsins hafa innleitt hjá sér. Vinnan er vel á veg komin en hefur legið niður um nokkurt skeið. Brýnt er að taka þá vinnu upp aftur og er ráðgert að ljúka vinnunni árið 2015.

NIÐURSKURÐUR Á STARFSEMINNI

Í lok ársins 2012 var orðið ljóst að verulegur halli yrði á starfseminni það árið. Til að bregðast við því ákvað stjórn að draga þyrfti verulega úr starfseminni árið 2013. Þungi niðurskurðar kom fram seinni hluta ársins. Ekki voru ráðnir neinir verktakar til kennslu eins og verið hefur undanfarin ár og hafði það að sjálfsgöðu áhrif á framboð námskeiða. Að auki var hagrætt eins og kostur var, ekki var ráðið í stöðu félagsliða sem hætti störfum, stuðningsfulltrúum fækkað og umsjónarmanni heimasíðu sem verið hafði í hlutastarfi sagt upp störfum. Að auki voru gerðar ýmsar breytingar á námskeiðum, þau stytt bæði hvað varðar lengd og tíma til þess að tryggja mætti öllum umsækjendum pláss á námskeiði. Vegna niðurskurðar síðustu ára býðst æ færri nemendum að sækja fleira en eitt námskeið á önn. Verulegur niðurskurður varð einnig á framlögum til símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

NÁMSKEIÐ

Bæklingur fyrir námskeið veturinn 2013-2014 var sendur út í maí til allra sem stunda nám hjá Fjölmennt. Námskeiðskeiðin eru einnig auglýst á heimasíðu Fjölmenntar. Haldinn var kynningarfundur fyrir útskriftarnemendur starfsbrauta í byrjun júní. Námskeiðin eru annaskipt; vorönn og haustönn. Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og alls var boðið uppá 69 námskeiðtitla. Námskeiðahald á höfuðborgarsvæðinu er skipulagt bæði hjá Fjölmennt í Vínlandsleið 14 og hjá Mími-símenntun. Til hagræðis fyrir umsækjendur var gefinn út einn bæklingur fyrir báða námskeiðsstaði og sótt um námskeiðin á heimasíðu Fjölmenntar.

Samstarf við Mími- símenntun hefur verið farsælt. Þegar samningur við Mími var gerður haustið 2012 fluttist Kristín Eyjólfsdóttir til Mímis sem verkefnastjóri og sinnti hún því starfi út vorönn 2013. Hún kaus að koma í kennslu hjá Fjölmennt haustið 2013 og var Erna Björk Gestsdóttir starfsmaður Mímis ráðin í hennar starf. Á vorönn voru haldin 23 námskeið hjá Mími en 14 námskeið á haustönn. Ástæðan fyrir fækkun námskeiða milli anna er lægra framlag til Mímis vegna niðurskurðar hjá Fjölmennt. Flest námskeið á vegum Mímis eru haldin í húsnæði stofnunarinnar að Ofanleiti 2 en Mímir hefur jafnframt samið við Matvælskólann Sýni, tölvuskólann Promennt, dansskólann Hvönn og Jafnvægi heilsurækt um námskeiðahald. Jafnframt var hópur í tækjaleikfimi hjá World Class á vegum Mímis. Á árinu fékk Mímir styrk frá mennta og menningarmálaráðuneytinu til að bjóða upp á nám um meðferð matvæla. Um er að ræða námsbraut sem í boði er hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og var hún aðlöguð að okkar hópi. Þátttakendur voru 8 og var mikil ánægja með námið.

Ekki eru skýrar línur um hverjir eiga að stunda nám hjá Mími og hverjir í Vínlandsleið. Námskeiðin hjá Mími eru hugsuð fyrir þann hóp nemenda sem er sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs og geta stundað nám í hóp á meðan að námskeiðin í Vínlandsleið eru fyrir fólk með flókna fötlun og sem þarf mikla aðlögun að námsefni og kennsluáferðum. Í Vínlandsleið sækja að jafnaði um 300 manns námskeið. Það er hlutverk starfsfólks að sjá til þess að þar sé boðið upp á fjölbreytt námskeið og að í boði séu nýjungar fyrir þennan hóp eins og aðra. Það er ögrandi verkefni að hanna ný námskeið fyrir þá sem flóknustu þarfirnar hafa og mikilvægt er að fylgjast vel með tækninýjungum og kennsluháttum sem nýtast þessum hópi. Undanfarin misseri hefur námskeiðið *iPad sem boðskiptatæki* verið vinsælt og í vetur hefur verið starfandi verkefnastjóri í 22% stöðuhlutfalli til að þróa það nám enn frekar.

Á vorönn 2014 var sótt um styrk í þróunarsjóð framhaldsfræðslu til að hanna og prufukeyra tveggja anna nám fyrir alvarlega fatlað fólk og einhverft fólk með mikla þjónustuþörf. Ef sá styrkur fæst fer sú vinna af stað í haust. Einnig mun námið verða þannig uppbyggt að auðvelt verður að taka einstaka hluta þess og kenna sem styttri námskeið. Þetta myndi ekki einungis nýtast sem nám í Vínlandsleið heldur gætu símenntunarstöðvar um land allt boðið upp á námsleiðina, í heild eða sem stök námskeið.

Námið í Vínlandsleið er í formi námskeiða sem þátttakendur sækja einu sinni í viku. Undantekning frá þessu er *Heilsubraut* sem er samfelld nám sem stendur yfir í tvær annir, samtals 300 stundir yfir veturinn. Þessi braut var sett á laggirnar haustið 2012. Þrjú kennarar Fjölmenntar kenna á brautinni og hönnuðu hana í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Sérstakt fjármagn fékkst frá FA til námsefnisgerðar. Hönnun brautarinnar og námsefni mun í framtíðinni vera aðgengilegt fyrir aðrar símenntunarstöðvar og stefnt er að því að hún hljóti vottun Fræðslumiðstöðvarinnar í haust. Mikil ásókn hefur verið í þetta nám og eru 12 nemendur í einu á brautinni. Kallað hefur verið eftir fleiri brautum af þessu tagi og er Fjölmennt vel í stakk búin að hanna fleiri brautir ef til kemur aukið fjármagn. Síðastliðið

haust var fjárhagsstaða Fjölmenntar þannig að ekki var víst að við gætum haldið áfram með Heilsubrautina, kostnaður við hana er eðlilega meiri en almennra námskeiða og tryggja verður öllum námskeið. Fatlað fólk hefur nær enga möguleika á heildstæðu námi að loknum framhaldsskóla og væri miður ef ekki væri hægt að bjóða upp á þetta nám. Sótt var um styrk til Lýðheilsustöðvar til að kosta námið og fékkst styrkur að upphæð 500 þúsund sem er aðeins brot af kostnaðinum.

Húsnæðið að Vínlandsleið 14 hentar starfsemi Fjölmenntar vel. Stofnunin er ágætlega búin tækjum og reglulega eru endurnýjaðar tölvur og annar tækjabúnaður. Á árinu var sótt um styrk til Sunnusjóðs til tækjakaupa. Fjölmennt fékk styrk að upphæð 1.000.000 króna til kaupa á spjaldtölvum og búnaði tengdum þeim til að nota í kennslu mikið fatlaðs fólks. Um nokkurra ára skeið hefur verið samstarf við Myndlistaskólann í Reykjavík. Upphaf þess má rekja til þess að Myndlistaskólinn hélt námskeið fyrir nemendur Fjölmenntar sem voru niðurgreidd af Fjölmennt. Í niðurskurði síðustu ára var ekki lengur hægt að niðurgreiða þessi námskeið. Myndlistaskólinn hélt engu að síður áfram að bjóða uppá námið og greiða þátttakendur að fullu fyrir nám sitt. Fjölmennt sér áfram um umsýslu, inntöku og skráningu. Ráðgjafar Fjölmenntar hafa að auki séð um ráðgjöf til skólans ef þörf hefur verið á.

ÞRÓUN NÁMSKEIÐA FYRIR FÓLK Á EINHVERFURÓFI

Mikil þörf er á að þróa námskeið fyrir fólk á einhverfurófi sem hefur einangrast heima hjá sér, er oft án vinnu en býr yfir mikilli hæfni sem ekki hefur fundist farvegur fyrir og aðstæður til að virkja. Í því skyni var á árinu lögð vinna í að þróa tvö námskeið sem væru sniðin sérstaklega fyrir einhverft fólk.

Annað námskeiðið heitir *Tölvuviðhald og viðgerðir fyrir námsmenn á einhverfurófi*. Mímir símenntun sótti um styrk til mennta og-meningarmálaráðuneytisins vegna verkefnisins og var það samstarfsverkefni Mímis, Promennt og Fjölmenntar. Tilgangur verkefnisins var að auka þekkingu og færni í tæknigreinum, fjölga námsframboðum og atvinnumöguleikum. Samstarfsfundir og undirbúningur var á haustönn og námskeiðið haldið á vorönn 2014. Jarprúður Þórhallsdóttir einhverfuráðgjafi og Kristín Eyjólfsdóttir þroskaþjálfari voru starfsmenn Fjölmenntar í verkefninu sem tókst mjög vel. Áformað er að halda fleiri námskeið af þessu tagi.

Á vorönn hófst einnig undirbúningur fyrir námskeið sem stuðla skyldi að valdeflingu einhverfs fólks og var markhópurinn þeir sem fengið hafa greiningu um að vera á einhverfurófi á fullorðinsárum. Námskeiðið var haldið á haustönn. Kennarar á námskeiðinu voru Ásdís Guðmundsdóttir og Jarprúður Þórhallsdóttir. Leitað var til einhverfs einstaklings um ráð varðandi undirbúning námskeiðsins. Hugað verður að framhaldi þessa námskeiðs á haustönn 2014.

ÖNNUR STARFSEMI

Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi verkefnis sem nefnist „*Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks*“. Verkefni þetta var sett á laggirnar að beiðni Landssamtakanna Þroskahjálpar og unnið í samstarfi við samtökin. Verkefnið var í fyrstu styrkt af PROGRESS áætlun Evrópusambandsins og þótti takast það vel að velferðarráðuneytið gerði samning við Fjölmennt til þriggja ára svo halda mætti verkefninu áfram. Sá samningur rennur út í lok desember 2014. Framundan eru viðræður við velferðarráðuneytið um framhald verkefnisins.

Fjölmennt hefur tekið þátt í samstarfsverkefni Þroskahjálpar og Ríkisútvarpsins við framleiðslu sjónvarpsþáttanna *Með okkar augum* sem sýndir hafa verið á RÚV. Fjölmennt studdi verkefnið með því að greiða laun aðstoðarmanns og fulltrúi frá Fjölmennt á einnig sæti í ritnefnd þáttanna.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá byrjun. Fjölmennt tekur árlega þátt í einhverjum atriðum. Hátíðin er haldin um land allt og er mikilvægur vettvangur fyrir fatlað listafólk. Mikil áhersla er einnig lögð á samstarf fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

Á hverju vori er haldin *vorhátíð Fjölmenntar*. Það er glæsileg hátíð þar sem þátttakendur á námskeiðum Fjölmenntar hittast og skemmta sér saman. Hátíðina sækja þrjú til fjögur hundruð manns.

Tónleikar eru haldnir tvisvar á ári, jólatónleikar í desember og vortónleikar í maí. Á tónleikunum koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

Frá upphafi diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands hefur Fjölmennt greitt laun umsjónamanns námsins og hann verið á launaskrá Fjölmenntar. Strax í upphafi var gert ráð fyrir að HÍ fjármagnaði þetta verkefni að fullu þegar frá liði og tæki á því fulla ábyrgð. Í ljósi fjárhagsstöðu Fjölmenntar var ákveðið að frá og með haustinu 2013 myndi umsjónarmaður námsins ekki vera lengur á launaskrá Fjölmenntar en í staðinn yrði námið styrkt um sem svaraði hálfu stöðugildi næstu tvö árin. Eftir það falla greiðslur niður.

Töluvert er um að námsmenn, bæði hópar og einstaklingar, komi í heimsókn í Fjölmennt til þess að fræðast um starfsemina. Einnig starfsfólk ýmissa stofnana sem vinna að málefnum fatlaðs fólks. Á hverju ári koma líka hópar erlendis frá, háskólafólk og starfsfólk sem vinnur í fullorðinsfræðslu. Einnig er farið með kynningar hjá félagsþjónustum og öðrum sem þjónusta markhóp Fjölmenntar. Þess má geta að árlega eru nokkrir þroskaþjálfanemar á þriðja ári í starfsnámi hjá Fjölmennt. Að vori er kynningarfundur fyrir útskriftarnema af starfsbrautum á Reykjavíkursvæðinu þar sem farið er yfir starfsemi Fjölmenntar og hvað er í boði.

2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Haustið 2012 var ráðgjafardeild Fjölmenntar formlega stofnuð í samræmi við skipulagsskrá Fjölmenntar og þjónustusamning Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sem tók gildi 01.01.2011. Í samningnum er kveðið á um hlutverk ráðgjafardeildar, en þar segir:

- Veitir ráðgjöf
 - Veita öðrum símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk, bæði nám sem er sérstaklega sniðið að þörfum þess og almennt nám sem það gæti stundað með öðrum.
 - Veita fötluðu fólki ráðgjöf við að velja og nýta sér námstilboð á vegum annarra símenntunar- og fræðslustofnana.
- Starfar með öðrum símenntunaraðilum
 - Stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið til að auka fjölbreytileika og gæði.
 - Vinna að því að námstilboð séu í samræmi við hugmyndafræði samskipunar og blöndunar.
 - Fylgjast með gæðum náms sem þessum hópi er boðið.
 - Stefna að samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að leiðarljósi að auka samlegðaráhrif.

Gert var ráð fyrir að stöðugildi ráðgjafardeildar væru tvö og starfsmenn og stöðuhlutföll eftirfarandi:

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli.
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli.
- María Hildipórsdóttir, ráðgjafi í 100% starfshlutfalli.

Í janúar lét María Hildipórsdóttir af störfum og var ekki ráðinn starfsmaður í hennar stað. Anna Soffía fór í 60 % stöðu tímabundið og stjórnarformaður skipti niður á Önnu Soffíu og Jarprúði að vera tengiliðir við hverja símenntunarstöð. Við það komu fjöldi nýrra verkefna á hendur þeim. Má þar nefna að stofna til og viðhalda tengslum við hinar ýmsu símenntunarstöðvar, endurskoða fylgiskjöl með þjónustusamningi, almennt fræðsluhlutverk og almenn kennsluráðgjöf.

Frá ráðningu forstöðumanns í ágúst voru haldnir reglulegir fundir með forstöðumanni um störf ráðgjafanna og þátttöku þeirra í hinum ýmsu verkefnum Fjölmenntar.

RÁÐGJÖF VIÐ STARFSFÓLK FJÖLMENNTAR

Ráðgjöf innan Fjölmenntar hefur haldið áfram að þróast. Ráðgjafar fara inn í kennslustundir og eiga fundi með einstökum kennurum eða kennarahópum. Frumkvæði að ráðgjöf kemur í vaxandi mæli frá kennurum og öðru starfsfólki og stór hluti ráðgjafarinnar fer fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn.

Ráðgjafar hafa samstarf um ráðgjöf eins og áður og sinna ráðgjöf sameiginlega vegna þeirra nemenda sem hafa sérstaklega flóknar þarfir fyrir aðlögun kennsluaðstæðna.

Fundir hópa kennara með hliðstæð viðfangsefni hafa einnig gefið góða raun, þar sem ráðgjöfin verður hluti af samráðsferli kennaranna og sameiginlegri lausn á margvíslegum viðfangsefnum í kennslu.

Einnig hafa ráðgjafar tekið á móti fólki sem komið hefur til að kynna sér kennsluaðstæður eða búnað.

TENGL VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Í því skyni sóttu ráðgjafar símenntunarstöðvarnar heim, auk þess sem haft var samband símleiðis og með tölvupósti.

Í ljós hefur komið að aðstæður hinna ýmsu símenntunarstöðva eru um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á hinum ýmsu svæðum. Tengsl við félagsleg þjónustukerfi og talsmenn fatlaðs fólks og innbyrðis tengsl stofnana eru ólík. Einnig er mismunandi hversu mikil breidd er í fötlunum fólks á hverju þjónustusvæði, hvaða fatlanir einstaklingar hafa sem þegar fá námskeið og hvar skóinn kreppir um frekari þjónustu. Sem dæmi er á einu litlu svæði enginn alvarlega fjölfatlaður og án formlegs máls, á öðru svæði fá allir þeir sem mest eru fatlaðir tilboð um námskeið. Á báðum þessum stöðum hafa menn meiri áhyggjur af því hvernig megi ná til fólks sem er félagslega einagrað vegna fötlunar og nýtur sumt almennt lítillar þjónustu. Það virðist þó algengara að erfitt sé að ná til þeirra sem mest eru fatlaðir með námskeið.

Fljótlega kom fram að víða geta ráðgjafar stutt við aukin tengsl símenntunarstöðvanna við aðra aðila í sveitarfélaginu sem veita fötluðu fólki þjónustu og í því skyni að þróa námsframboð í samræmi við þarfir og áhuga íbúa á þjónustusvæðum þeirra. Þannig voru í tengslum við heimsóknir ráðgjafa skipulagðir fundir með öðrum þjónustuaðilum á svæðinu. Einnig var farið í heimsóknir á heimili fatlaðs fólks og hæfingarstöðvar til að heyra óskir þess um námskeið.

Fram hefur komið að þörf er fyrir almenna kennsluráðgjöf og fræðslu á símenntunarstöðvunum og þarf ráðgjafardeildin að mæta henni. Á fundi með verkefnastjórum símenntunarstöðvanna var rætt um að ráðgjafadeild Fjölmenntar myndi fljótlega bjóða upp á Stiklu 15, kennslufræðinámskeið fyrir þá sem kenna fötluðu fólki á símenntunarstöðvunum. Stikla 15 er námskeið sem þróað var í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er eitt af námskeiðum sem boðið er uppá þar. Haldin hafa verið tvö slík námskeið, annað í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hitt á Akureyri.

Vegna samdráttar í starfsemi símenntunarstöðvanna í kjölfar niðurskurðar hjá Fjölmennt dró úr óskum þeirra fyrir ráðgjöf á haustönninni, en haft var samband við stöðvarnar minnst einu sinni yfir önnina.

ÖNNUR VIÐFANGSEFNI

Samstarfsyfirlýsing var gefin vegna þróunarverkefnis Símenntunarstöðvar Vesturlands og Fræðslunetsins á Suðurlandi um Listnámsbraut fyrir mikið fatlað fólk. Einnig við Mími vegna tölvunámskeiðs fyrir einhverft fólk. Samstarf var á árinu við Fræðslunetið á Suðurlandi um þróunarverkefnið *Vinnan, lærdú og njóttu*. Fundir voru haldnir um þessi verkefni með viðkomandi símenntunarstöðvum, en frumkvæði að samstarfi liggur hjá þeim.

Málþing MSS og Fræðslunets Suðurlands var haldið í Reykjanesbæ 3. október undir yfirskriftinni *Nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla*. Forstöðumaður og ráðgjafar Fjölmenntar fjölluðu þar um starfsemi og framtíðarsýn Fjölmenntar og hlutverk ráðgjafardeildarinnar.

SAMANTEKT

Á árinu hefur almenn tengslamyndun og ráðgjöf orðið stærri þáttur í samstarfinu við símenntunarstöðvarnar en á fyrra ári. Áfram hefur verið lögð áhersla á ráðgjöf við þá einstaklinga sem þurfa mjög sérhæfðar kennsluleiðir. Má þar nefna fólk á einhverfurófi og mikið fatlað fólk með fjölþættar skerðingar.

3. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Haustið 2012 var gerður samningur við Námsflokka Reykjavíkur um að þeir tækju að sér nám fyrir fólk með geðfötlun. Anna Filippía Sigurðardóttir sem hafði umsjón með verkefninu hjá Fjölmennt varð starfsmaður Námsflokka og hafði umsjón með námskeiðunum. Samningurinn náði til eins árs en var ekki framlengdur. Nám fyrir þennan hóp var því skipulagt hjá Fjölmennt frá hausti 2013.

Á haustönn 2013 voru auglýst 14 námskeið á heimasíðu Fjölmenntar. Ekki voru gerðar breytingar á framboði námskeiða frá vorönn 2013 vegna þess hve seint var ákveðið að Fjölmennt tæki aftur við verkefninu frá Námsflokku Reykjavíkur. Nemendur og umboðsmenn þeirra voru því ekki upplýstir um stöðu verkefnisins fyrr en eftir miðjan ágúst og fór því umsóknarferli nokkuð seinna af stað en áður. Talsvert var um að upplýsingar bárust ekki til nemenda og umboðsmanna þeirra vegna sumarfría og því enn frekari seinkun í þeim tilvikum.

Ákveðið var að gera ekki miklar breytingar á áherslum starfsemi haustannar og voru þær því að mestu hinar sömu og verið hafa undanfarin ár. Haldin voru 9 námskeið. Heildarfjöldi þeirra sem sóttu námskeiðin er 39. Umsækjendum um tónlistarnám var beint í tónlistarnám annað og voru þeir 5 – 6 sem það þáðu.

Engin námskeið voru haldin í húsakynnum Fjölmenntar en þess í stað samið við aðra um námskeiðahald, eins og áður, auk þess sem húsnæði var fengið að láni fyrir eitt námskeið. Námskeiðið *Hagsýnt heima – bjóðum heim* var haldið á heimili nemenda.

Nokkur námskeið sem nemendur sóttu um voru ekki haldin vegna of fárra umsókna um þau og þáðu þeir nemendur ekki allir sæti á öðrum námskeiðum.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námsins í hálfu starfi. Þegar ljóst var að nám fyrir fólk með geðfötlun yrði ekki áfram hjá Námsflokku Reykjavíkur ákvað stjórn Fjölmenntar að taka til umræðu og skilgreina betur með hvaða hætti þessu námi væri best fyrir komið. Sú vinna þarf að fara fram með þátttöku hagsmunaaðila og aðila sem reka þjónustu fyrir umræddan hóp.

4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2003 var gerður samningur við Farskólann á Norðurlandi vestra um námskeiðhald fyrir fatlað fólk. Árið eftir var gerður samningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og frá árinu 2008 hafa verið gerðir þjónustusamningar við símenntunarstöðvar um land allt. Ráðgjafar Fjölmenntar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólk á viðkomandi svæði býðst. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennt. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð mikil áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð.

Framlög til símenntunarstöðva á landsbyggðinni námu samtals 37.437.495 krónum á árinu. Á vorönn fengu stöðvarnar 22.135.316 krónur og á haustönn 15.302.179 krónur. Eins og sjá má af þessum tölum lækkuðu framlög til þeirra milli anna. Var það gert vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Fjölmenntar. Skilningur var á þessari lækkun þó svo að ekki væri ánægja með að draga þyrfti úr starfseminni.

Greiðslur til Mímis-símenntunar námu 11.410.000 krónum til námskeiðahalds á árinu, 6.200.000 á vorönn og 5.210.000 á haustönn. Framlagið lækkar um eina milljón milli anna. Framlagið lækkar þó töluvert meira þar sem Fjölmennt greiddi laun umsjónarmanns námskeiðanna hjá Mími vorið 2013. Kristín Eyjólfsdóttir var skólaárið 2012-2013 á launaskrá hjá Fjölmennt en starfsmaður Mímis. Eins og áður hefur komið fram kaus hún að koma aftur til kennslu hjá Fjölmennt haustið 2013. Inn í fimm milljóna króna greiðslu til Mímis á haustönn er þar af leiðandi einnig gert ráð fyrir kostnaði við utanumhald námskeiða.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 ákvað stjórn Fjölmenntar að hækka aftur framlag til símenntunarstöðvanna. Jafnframt var reynt að jafna framlög á milli stöðva. Erfitt er að nálgast tölur sem hægt er að fara eftir við slíkan útreikning og ýmis atriði sem þarf að taka tillit til svo sem stærð svæðis og samgöngur. Þessi útreikningur leiddi til þess að stöðvarnar þar sem útibú Fjölmenntar voru áður, Akureyri og Selfoss, fá lækkun á framlagi á meðan að aðrar stöðvar fá aukningu. Kvasir, samtök símenntunarstöðva á landsbyggðinni hafa lengi kallað eftir réttlátari skiptingu fjármagns milli stöðva og er von stjórnar Fjölmenntar að sátt ríki um nýja skiptingu.

Samningar voru gerðir við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni fyrir vorönn 2014.

Það færir í vöxt að símenntunarstöðvarnar reyni að afla sér viðbótarfjármagns til að auka framboð á námi fyrir fatlað fólk. Þær sækja um í þróunarsjóð framhaldsfræðslu og til mennta- og menningarmálaráðuneytis og er það mjög góð þróun. Námskeið stöðvarnar bjóða upp á er yfirleitt í formi námskeiða en nokkrar stöðvar hafa boðið upp á samfellt nám sem stendur yfir í ákveðinn tíma. Má þar nefna *Grunnmenntaskólann* sem haldinn var í

Símenntunarmiðstöð Vestfjarða og *Heilsu og tómstundabraut* sem haldin var í samvinnu Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og Símenntunarmiðstöðvar Vestfjarða með ráðgjöf frá Fjölmenn.

Símenntun á Suðurlandi fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að halda námskeið *Vinnan, lærdú og njóttu*. Einnig fékkst styrkur frá ráðuneytinu til að gera greiningu á þörf fatlaðs fólks á Suðurlandi fyrir starfsmenntun.

Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var í boði námsbraut sem heitir *Hugur og heilsa*. Námið var í samstarfi við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja. Við sömu símenntunarstöð var einnig í boði fjögurra anna starfstengt nám sem haldið var að hluta til fyrir styrk frá þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum gerði á árinu greiningu á markhópi í fullorðinsfræðslu fatlaðra og menntunarþörf. Er þetta gott framtak og fengu þau margar góðar ábendingar sem nýtast við undirbúning námstilboða.

Símenntunarstöð Vesturlands hefur farið þá leið að hafa nokkur eins dags námskeið um helgi á mismunandi stöðum á starfssvæðinu þar sem blandað er saman ólíkum viðfangsefnum. Þau námskeið sækir fólk allsstaðar að af svæðinu. Með þessu móti er hægt að spara ferðakostnað og efla tengsl milli þátttakenda. Almenn ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag.

Á vorönn eru námskeið í listgreinum gjarna skipulögð þannig að afrakstur námskeiðs er sýndur á hátíðinni *List án landamæra*.

Mismunandi er hvernig utanumhald og skipulagning námskeiða fyrir fatlað fólk er hjá símenntunarstöðvunum. Hjá stærri stöðvunum er starfsmaður í skilgreindu stöðuhlutfalli til þess að sjá um námskeiðin. Annars staðar er þessari vinnu bætt við önnur störf. Verkefnastjórnarnir hafa með sér samtök og hittust einu sinni á árinu. Ráðgert er að hafa reglulega fundi og munu forstöðumaður og ráðgjafar Fjölmennar taka þátt í þeim fundum. Sökum mikils kostnaðar eru fundirnir skipulagðir þannig að þeir sem komast ekki á staðinn geta tekið þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

LOKAORÐ

Niðurskurður á fjármagi til Fjölmenntar undanfarin ár er áhyggjuefni. Búið er að hagræða í starfseminni eins og kostur er og verður ekki gengið lengra í þeim efnum nema skerða þjónustuna. Stjórn Fjölmenntar hefur gert mennta og-menningarmálaráðuneytinu grein fyrir stöðunni og sent hefur verið formlegt bréf þar sem óskað er eftir leiðréttingu á framlagi.

Formaður stjórnar átti fund með kennurum Fjölmenntar í desember. Þar gerði hann grein fyrir þeirri ósk stjórnar að tekinn verði að nýju upp kjarasamningur við Kennarafélag Fjölmenntar. Vinna við nýjan kjarasamning sem fellur að vinnufyrirkomulagi Fjölmenntar hefur farið fram á vorönn 2014 og sér fyrir endann á þeirri vinnu. Þær breytingar sem unnið er að munu hafa í för með sér ýmis tækifæri og og verða til hagsbóta fyrir stofnunina.

Eins og fram kemur í skýrslunni er víða mikill kraftur í starfsemi símenntunarstöðvanna. Mikilvægt er að hlúa áfram að því góða starfi og spila ráðgjafar Fjölmenntar þar stórt hlutverk. Sótt hefur verið um fjármagn til að auka við starfsemi ráðgjafardeildarinnar. Umfang ráðgjafarinnar er alltaf að aukast og full þörf á að fjölga stöðugildum í deildinni.

Hjá Fjölmennt eru margir reyndir kennarar og mikil þekking til staðar. Þessa þekkingu á að nota og miðla til annarra. Hlutverk Fjölmenntar er að fylgjast með nýjungum í kennslu og kennslubúnaði og stofnunin á að vera í fararbroddi með tilraunaverkefni og taka þátt í þróunarverkefnum bæði innanlands og utan. Á niðurskurðartímum er nauðsynlegt að snúa vörn í sókn. Á vorönn 2014 hefur verið lögð vinna í að sækja í ýmsa sjóði og sækjast eftir samstarfi, bæði innanlands og utan. Beri það árangur fæst aukið fé til starfseminnar á sama tíma og starfsfólk fær spennandi verkefni að fást við.

Reykjavík, maí 2014

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar